

## VEIÐISTAÐALÝSING



# Stóra-Laxá – neðri hluti



Árni Geir Pálsson

Stóra-Laxá rennur úr Grænavatni niður á milli Hrunamanna- og Gnúpverjahrepps, og fellur í Hvítá hjá Iðu, ofan við Vörðufell. Hún er dragá, um 90 kílómetra löng all vatnsmikil með um 512 ferkílómetra vatnasvið. Laxgeng er hún langt inn í Laxárgljúfur. Líklega hefur lax verið veiddur í ánni allt frá landnámstíð. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (1709) er getið hlunninda af laxveiðum í Stóru-Laxá á fjórtán jörðum. Frá árinu 1938 hefur veiðin í ánni verið leigð til stangveiði. Landslag með ánni er bæði fjölbreytt og mikilfenglegt en nýtt og glæsilegt veiðihús var tekið í notkun á síðasta ári. Neðra svæðið gefur nokkuð jafna og stöðuga veiði framan af sumri en Stóra Laxá er þó þekktust fyrir gríðarlegar aflahrotur á haustin. Þá hópast inn til hrygningar heilu torfurnar af laxi eftir að hafa dvalið í jökulvatninu í Hvítá framan af sumri.

## VEIÐISTAÐALÝSING – STÓRA LAXÁ

© Árni Geir Pálsson 2024


Útgefandi Blóðberg ehf.

Hönnun, umbrot, texti, teikningar og myndir: Árni Geir Pálsson

Rit þetta má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða heild án skriflegs leyfis útgefanda eða höfundar.

## Inngangur:

Við gerð þessarar veiðistaðalýsingar voru upplýsingar úr veiðibókum árána 2021 til 2023 greindar. Í mjög grófum dráttum er reynt að bregða upp mynd af þeim veiðistöðum sem gefið hafa flesta fiska undanfarin ár. Teikningar eru ekki endilega í réttum hlutföllum, en er frekar ætlað að sýna helstu kennileiti og legustaði. Lýsingin á veiðistöðunum kemur annars vegar úr Veiðimanninum frá árinu 2001 þar sem Jón G. Baldvinsson, fyrrum formaður SVFR, lýsir helstu veiðistöðum og hins vegar ver leitað álits og ráða hjá þrautreyndum veiðimönnum sem veitt hafa í Stóru Laxá í fjölmörg ár. Fremstir þerra eru Hrafn H. Hauksson og Finnur Harðarson. Tölur um veiði koma úr veiðibókum Stóru Laxár. Tilraun er gerð til að greina líklega legustaði laxins og með hvaða ráðum best sé að koma agninu til hans. Ógjörningur er að taka tillit til breytinga sem árlega verða í árfarveginum. Gjöfúlr veiðistaðir til margra ára breyta sér þannig að þeir halda ekki fiski, en aðrir koma í staðin, vatnshæðin breytist milli daga og laxinn flytur sig til í hyljum, á breiðum og í strengjum. Þá er það aðeins hyggjuvit veiðimannsins sem getur komið honum til hjálpar.



### Veiða og sleppa:

Á árinu 2022 var tekin upp full sleppiskylda á laxi. Markmiðið með sleppiskyldunni er að stækka hrygningarstofninn, en árin á undan var ákveðinn daglegur kvóti sem veiðimenn máttu nýta.



### Yfirflug og staðsetningar \*

Í lýsingunni er á flestum veiðistöðum mynd af "dróna" – ef smellt er á myndina kemur upp myndband í „Vimeo“ sem sýnir yfirflug yfir staðinn. Einnig er mynd af GPS merki, ásamt staðsetningu staðarins. Ef smellt er á GPS merkið kemur upp tenging við „Google Maps“ í vafra sem sýnir staðsetningu veiðistaðarins.



© Árni Geir Pálsson

\*Nauðsynlegt er að vera í netsambandi

### Stjörnuvjöf veiðistaða

Stjörnuvjöf veiðistaða byggist á því hversu margir laxar veiðast á veiðistaðnum að meðaltali á ári hverju samanber meðfylgjandi töflu.



### Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

Veiðistöðum eru gefin stig eftir því hvenær besta, meðal og lágmarks veiði er úr hverjum stað. Veiðinni er skipt niður í fyrri og seinni hluta mánaða. Þrjú laxar tákna besta tímunn, tveir laxar tákna meðaltals veiðitíma og einn lax tákna það að veiði sé með minnsta móti.

Hlutfallsleg veiði pr. stangardag					
júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.












## 126. Reykhólmi – Smoke Islet



Staðurinn er beint niður undan kartöflugörðum Birtingaholts. Veiðistaðurinn Reykhólmi varð einn af lykilstöðum á neðri hluta Stóru Laxár þegar bændur sturtuðu stórgrýti og steypum veggjarbrotum í árbakkann til a verjast landbroti. Staðurinn er langur, lygn og viðkvæmur og því er best að veiða hann þegar gára er á staðnum. Aðgengi að staðnum hefur batnað mikið eftir að slóði var lagður að staðnum sunnan megin. Laxinn liggur niður meðfram háa bakkanum við nef sem skaga út frá bakkanum. Einnig eru neðarlega um miðjan hylinn á mesta dýpinu grjót og veggjarbrot sem laxinn liggur gjarnan við.



© Árni Geir Pálsson



### Einkunn



### Hlutfallsleg veiði pr. stangardag



júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.



## 130. Nesejaroddi – Nose Island Point



Nesejaroddi er þar sem hvíslarnar í Stóru Laxá mætast aftur. Hér er yfirleitt lax allt veiðitímabilið. Staðinn er hægt að veiða frá báðum bökkum. Ef byrjað er norðan megin þá er veitt af leirklöppunum og getur lax legið um allan hylinn. Yfirleitt er þó meira um silung á efri hlutanum en þar staldra lax þó stundum við. Aðal veiðistaðurinn er eins og áður sagði þar sem hvíslarnar mætast. Þar eru leirklappir og grjót í botninum og í rennum á milli þeirra heldur laxinn sig gjarnan. Þegar líða tekur á haustið getur laxinn haldið sig töluvert niður eftir breiðunni og er því nauðsynlegt að veiða vel niður úr staðnum.



© Árni Geir Pálsson



### Einkunn




### Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

## 136. Kvíslamót – Fork



Í eina tíð rann kvísl sunnan megin við staðinn og ber hann nafn sitt af þessari uppþornuðu kvísl. Þarna rennur áin fram af leirkanti og fram með nokkuð háum bakka þar sem grafist hefur úr bakkanum og torf fallið fram á bakkanum. Slóðinn niður með ánni er sunnan megin. Staðurinn veiðist best af eyrinni norðan megin og því þarf að vaða yfir ána fyrir ofan staðinn. Laxinn liggur í dýpinu niður allan staðinn allt þar til að bakkin lækkar. Þarna þarf að kasta þétt upp að suðurlandinu því að fiskurinn getur þarna legið í holum og skútum í og undir bakkanum.



Einkunn




Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.



Black and Blue


© Árni Geir Pálsson



## 143. Klapparhylur – Flat Rock Pool



Klapparhylur er allangur staður. Þarna rennur áin fram með nokkuð háum moldarbakka og er nokkuð dýpi við norðurlandið. Staðurinn er veiddur af eyrinni sunnanmegin og er gott að hefja veiðar ofarlega og veiða vel niður fyrir beygjuna og allt niður að því þar sem moldarbakkinn lækkar.



Einkunn




Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.

© Árni Geir Pálsson





Valbeinn



## 146. Neshóll – Nose Hill



Á undanförunum árum hefur áin verið að grafa nýjan veiðistað töluvert neðar en gamli veiðistaðurinn við Neshóll var. Þarna rennur áin fram með háum moldarbakka og beygir. Þarna er veitt af malareyrinni sunnanmegin og til að byrja með þarf að passa að vaða ekki mikið þar sem laxinn getur legið þarna á grunnu vatni nærri bakkanum. Þegar grunnið hefur verið veitt er gott að lengja köstin og kasta þétt upp að moldarbakkanum norðan megin.



© Árni Geir Pálsson



Silver Wilkinson

### Einkunn




### Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

## 153. Gunnbjarnarhylur – Bear Pool



Fara þarf yfir nyrðri kvísl Stóru Laxár rétt neðan Brúarbreiðu á vaði en síðan er ekið niður eftir eyjunni að hylnum sem er í syðri kvíslinni. Ofan við staðinn er nýtt vað á ánni. Þessi staður lætur ekki mikið yfir sé en áin rennur fram af leirbakka og snardýpkar út af af eyrinni. Best er að standa á eyrinni og kasta alveg yfir að landinu hinum megin. Þarna hafa veiðimenn oft gert góða veiði eftir rigningar eða á haustin þegar laxinn sem legið hefur sumarlangt niðri á lðu fyrir neðan vatnamót Stóru Laxár og Hvítár kemur upp í ána.




### Einkunn




### Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.




© Árni Geir Pálsson



## 156. Langibakki – Long Bank



Langibakki hefur sum ár gefið ágætis veiði. Þennan veiðistað er betra að veiða af eyjinni sem er sunnan megin í kvíslinni og er þá gott að nota löng köst til að ná yfir að öndverðum bakka. Á þessu svæði og neðar þess rennur áin um marflatar malareyrar. Þarna geta veiðistaðirnir færst til milli ára, jafnvel svo hundruðum metra skiptir. Þess vegna getur verið gott að fara hratt yfir til að leita að laxinum.



Einkunn




Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.





© Árni Geir Pálsson



## 160. Námustrengur – Mine's Run



Námustrengur lúrir undir háum bakka í suðurkvíslinni nokkru fyrir neðan brúarsvæðið. Þetta er strengur sem rennur á ljósum leiklöppum undir háum grónum sandsteins- eða leirbakka. Staðurinn er veiddur frá norðurbakkanum og er kastað yfir að háa bakkanum. Helsti tókustaðurinn er á og niður af ljósu leiklöppunum við bakkann fjær, ofan við grjót í miðjum hylnum. Þarna skyldu veiðimenn far varlega og nota löng köst þar sem staðurinn er ekki djúpur og stygð getur auðveldlega komið að laxinum. Þarna getur verið gjöfult að beita yfirborðflugum eða gárutúbum.



© Árni Geir Pálsson



Gárutúba

Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júl f.	júl s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.









## 170. Laxárholt – Salmon Cape



Laxárholt er rétt ofan við brúna á veginum að Flúðum. Staðurinn er ein af fornfrægum stöðunum í Stóru Laxá þar sem allt sumarið má gera ráð fyrir því að laxinn dvelji. Eins og nafnið ber með sér rennur áin fram undir klettóttu holti. Í raun er staðurinn margskiptur, ofarlega undir móbergsklettum eru grjót og ljósar klappir sem laxinn liggur við. Síðan gryn timer staðurinn og þar getur laxinn legið víða. Við neðsta hlutann þrengist áin og er djúp renna meðfram neðsta klettinum sem endar í breiðri skál. Þetta er að jafnaði einn af fjórum gjöfulustu stöðunum á neðri hlutanum og þar eru að jafnaði laxar allt sumarið.



© Árni Geir Pálsson



Einkunn





Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

## 173. Stuðlastrengir – Basalt Run



Upp úr síðustu aldamótum var komið nokkrum grjóthrúgum úr stuðlabergi sem settar voru út í ána til að verja, ræktað land og veginn að veiðihúsinu, fyrir ágangi árinna. Staðurinn er veiddur að norðanverðu og er kastað frá malareyrinni Veiðimann tala um að þetta sé staður þar sem hitta má á lax í göngu og að þarna vaxi veiðivonin eftir því sem neðar dregur og að besti staðurinn sé neðan við neðstu grjóthrúguna og alveg niður að háum leirbakka sem áin rennur fram með.



© Árni Geir Pálsson



### Einkunn





### Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

## 176. Skarðsstrengir – Skard Run



Skammt fyrir ofan nýja veiðihúsið eru hinir mögnuðu Skarðsstrengir. Þessi staður var einn af betri stöðum á veiðisvæðinu fram undir síðustu aldamót. Þá spilltist hann algjörlega og hvarf með öllu. Á undanförunum árum hafa leigutakar árinna verið að vinna að því að laga strengina til og ánni hefur að hluta verið beint í fyrri farveg og er byrjuð að grafa sig niður. Það er von margra að þessi ágæti veiðistaður nái aftur fyrri frægð og verið einn af lykilstöðum á svæðinu. Staðurinn er mjög langur og borgar sig að byrja efst og enda ofan við grjóttgarðinn neðst, en veiða miðjuna frekar hratt.



© Árni Geir Pálsson



Hairy Mary

Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag


júl f.	júl s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.



## 196. Ytri-Hvammur – Outer Hollow



Veiðistaðurinn Ytri-Hvammur er undir háum leirbakka sem áin hefur grafið úr. Staðurinn er veiddur af malareyrinni en ekki þarf að vaða langt til að komast í færi við laxinn. Laxinn liggur gjarnan undir speglinum og í rásum sem eru í ljósum leirbotninum og við steina sem brýtur á. Á haustin getur laxinn legið langt niður eftir staðnum og því þarf að veiða alveg niður á brotið.



© Árni Geir Pálsson




Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag


júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.



## 200. Bergsnös – Cliff's Nose



Að jafnaði hefur Bergsnös verið gjöfulesti veiðistaðurinn í Stóruhá á undanfarin ár og þarna má ganga að laxi vísu allt veiðitímabilið. Bergsnös er í raun nokkrir veiðistaðir og getur breyst milli ára. Efst getur laxinn legið undir berginu ofarlega þar sem kvísl rennur meðfram berginu. Þegar neðar dregur liggur laxinn við eða á stöllum undir klettinum og alla leið niður á blábrotið. Heyrst hefur að margir veiðimenn hafi veitt niður strenginn og hætti veiði við endann á klettinum. Þarna er mikilvægt að veiða áfram niður á blábrotið, sérstaklega þegar mikið vatn er í ánni.



© Árni Geir Pálsson




Nagli

Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag



júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.



## 220. Nýpur – Parsnip



Nýpur er mjög sterkur hauststaður en er ekki alltaf inni. Á þessu svæði á áin það til að breyta sér töluvert milli ára en það er sjálfsagt fyrir veiðimenn að veiða svæðið vel því að nýir pyttir geta myndast í stað þeirra sem hverfa. Vaðið er frá suður bakkanum yfir grynningar og að rennu sem er með norðurlandinu. Byrjað er að kasta á grjót sem brýtur á ofan við háa kletta og síðan veitt niður allan strenginn vel niður fyrir klettana. Á þessari stóru breiðu getur lax leynst víða.



© Árni Geir Pálsson



Rauð Franciscan

Francis rauð

### Einkunn



### Hlutfallsleg veiði pr. stangardag



júl f.	júl s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.



## 225. Flatistrengur – Flat's Run



Þar sem áin breiðir aftur úr sér eftir að hafa runnið í nokkuð þröngum farvegi er Flatistrengur, langur staður og frekar grunnur staður. Vaðið er út í miðja á frá eyrinni á austurbakkanum. Kastað er alveg þétt að vesturbakkanum. Helstu tökustaðirnir eru út af berggöngum sem skara út í staðinn frá vesturbakkanum. Þetta er einn af dæmigerðum hrygningarstöðum árinna og þar er lax yfirleitt frá því seinni part ágúst eða frá því að haustriglingarnar byrja og út veiðitímam.



© Árni Geir Pálsson



Skuggi skáskorinn

Einkunn




Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

## 235. Ófærustrengur – Rough Run



Sögusagnir eru um að Ófærustrengur dragi nafn sitt af því að ekki hafi verið hægt að draga þar fyrir vegna standbergsins sem er að austanverðu. Þetta er fallegur og nokkuð kraftmikill strengur en laxinn liggur ekki í strengnum sjálfum heldur innan við hann og oft ansi nálægt landinu sem veitt er frá. Þess vegna er ekki ráðlegt að vaða út í ána fyrr en neðan við miðjan streng. Í raun er hægt að veiða allan staðinn allt niður í Netaklett Efri og í raun má segja að þetta sé einn samfeldur veiðistaður.



Einkunn




Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

© Árni Geir Pálsson




Krafla



## 240. Kálfhagahylur – Calf's Pasture Pool



Kálfhagahylur er einn af bestu veiðistöðum árinna og er einn samfelldur veiðistaður frá því þar sem áin fellur í streng meðfram kletturana út í hylinn og alveg niður á blá brotið. Bestu tökustaðirnir eru sagði vera ofarlega þar sem straumsins gætir enn og þá beggja vegna í straumkantinum. Við fyrstu rennslin í hylinn er ráðlegt að vaða ekki þar sem laxinn getur legið þétt upp við landið. Um miðjan hylinn eru klapparrendur og -stokkar þar sem stærstu laxarnir liggja gjarna. Neðarlega er ljós hella í botninum og þar liggur oft nokkuð magn af smálaxi sem virðist eiga erfiðara með að tryggja sér betri legustaðina. Kálfhagahylur er einn af lykil stöðum á svæðinu og geymir lax allt veiðitímabilið.



Einkunn




Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

© Árni Geir Pálsson




Sun Ray Shadow



## 245. Illaker – Evil Pit



Illaker er rétt fyrir ofan Kálfhagahyl og hefur staðurinn verið drjúgur mörg árin. Staðurinn fylgir nú efra svæðinu og því er gott að leggja bílnum við Sveinsker og ganga niður að veiðistaðnum. Staðurinn er þá veiddur af malareyrinni. Hylurinn sjálfur er djúpur og liggur laxinn við klöpp í botninum. En laxinn getur legið niður allan hylinn og alveg fram á blábrotið. Ef staðurinn fylgir neðra svæðinu er hægt að veiða staðinn af eyrinni með því að vaða yfir á brotinu fyrir ofan Kálfhagahyl. Einnig er hægt að veiða af bakkanum en það er byrjað að kasta frá klöppunum og síða fikra veiðimenn sig niður á malareyrina. Þarna geta fiskar legið alveg niður á blábrotið.




Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.


© Árni Geir Pálsson



### 300. Sveinsker – Girls Eye



Sveinsker hefur mörg ár verið mjög gjöfull og magnaður staður og þar getur verið veiðivon á mjög löngum kafla. Í austurlandinu er klettshorn sem hægt er að fara fyrir en þá er gengið ansi nærri fiskum sem liggja þeim megin. Því er þægilegast að veiða staðinn af eyrinni vestanmegin. Mesta veiðivonin er niður af klettshorninu á um 50 metra kafla og alveg niður á brotið. Laxinn liggur mest í miðri ánni en þar er góður straumur en dýpið er ekki mjög mikið. Sveinsker er góður flugustaður og þar fara flugur með gárubragði og gárutúpur sérstaklega vel.




Einkunn

© Árni Geir Pálsson



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag					
júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.






### 355. Heljarpröm – Hell's Ledge



Heljarpröm eða Heljarþrem er fornfrægur stórlaxastaður undir háum ljósum líparítbakka. Þarna fengust á árum áður oft stærstu laxar ársins á veiðisvæðum SVFR. Staðurinn er ekki mjög djúpur en hann geymir hann yfirleitt nokkra fiska allt sumarið. Hann er veiddur af eyrinni vestan megin og getur laxinn í góðu vatni legið alveg niður að brotinu þar sem vað er á ánni. Hér skyldu veiðimenn kanna vaðið vel áður en haldið er yfir ána því að hér á áin það til að breyta sér milli ára og holur og rásir geta myndast.



Einkunn




Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

© Árni Geir Pálsson




Green Butt



### 360. lða - Vortex



Sá margrómaði veiðistaður lða er rétt neðan við bæinn Sólheima þar sem áin rennur út úr mikilfenglegum gljúfrum. Áður fyrr var auðvelt að þekkja staðinn af klettastrýtu sem skagaði upp úr ánni rétt við austur bakkann (sjá litla mynd). Í vetrarflóðum fyrir nokkrum árum brotnaði efri hlutinn af strýttunni. Í meðal vatnsstöðu heldur laxinn sig aðallega á svæði sem er skáhalt fyrir ofan strýtuna og upp fyrir kletthornið handa árinna. Út af kletthorninu eru stórir steinar í botninum og þar heldur laxinn sig gjarnan. Þegar líður á haustið og vatnsborðið hækkar getur laxinn legið niður eftir öllu, niður á blá brotið töluvert fyrir neðan strýtuna. Betra er að kasta lengra en að vaða og yfirborðsflugur fara afar vel á þessu svæði.




Einkunn



Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júl f.	júl s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.	sept. s.

© Árni Geir Pálsson







### 370. Katlar - Kettles



Á svæðinu í kringum Katlanna eru stór björg sem hafa hrunið úr klettabeltinu fyrir ofan. Þarna eru strengir og breiður þar sem laxinn heldur sig. Mjög mikilvægt er að fara ekki upp í hlíðina austan megin því þar sér laxinn veiðimennina áður en þeir sjá laxinn. Staðurinn er í raun tvískiptur. Gott er að byrja vestan megin, við þrjú grjótt sem standa upp úr ánni, ofan við stórt bjarg á bakkanum. Kastað er þétt upp að austurlandinu rétt neðan við stór björg í bakkanum. Síðan er vaðið niður með steinunum og áfram niður fyrir bjargið og strengurinn og breiðan veidd. Þegar því er lokið er vaðið yfir fyrir ofan staðinn og læðst niður austur bakkann en þar er lítil strengur sem endar í nettri breiðu.



© Árni Geir Pálsson

#### Einkunn




#### Hlutfallsleg veiði pr. stangardag

júní s.	júlí f.	júlí s.	ágúst f.	ágúst s.	sept. f.








**STÓRA LAXÁ**  
**VEIÐIKORT**  
 VEIÐISTAÐIR Á  
 NEDRA SVÆÐI  
 NEDRI HLUTI

Vegur / road  
 4x4 slóði / path  
 Straumvatni/vatni  
 River/lake  
 Vað/crossing \*  
 Veðistaður/pool  
 Svæðaskipting/beat end

\* Venja. Merkt úð er ekki alltaf fyrir og geta breyst í vatnsholum. Kannski að það er lagt til á söðun.  
 \* Warning: Marked river-crossings are not always stable and can be dangerous. Explore the situation carefully before crossing the river.

STÓRA LAXÁ  
VEIÐIKORT  
VEIÐISTADÍR Á  
NEDRA SVÆÐI  
EFRI HLUTI

